



- Vanhirtir legsteinar í Viðey
- Útfararsíðir heiðinna manna
- Endurbættur Blönduóskirkjugarður
- Saga Valbjófsstaðar sett á svið
- Endurbætur á Útskálakirkjugarði
- Samtal við heiðursfélaga
- Heimsókn í kirkjugarða í Færeyjum

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:
hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.


Lengd: 225
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm
Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylýni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant
til í meðfylgjandi stærðum:
65 x 30 cm ferhyrndur
60 x 40 cm ferhyrndur
40 x 30 cm ferhyrndur
50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no

ALLT INNIFALIÐ MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



281.750 KR.
214.900 KR.



354.750 KR.
287.900 KR.



529.750 KR.
415.900 KR.



420.750 KR.
353.900 KR.



518.750 KR.
451.900 KR.



410.750 KR.
343.900 KR.



434.750 KR.
367.900 KR.



422.750 KR.
355.900 KR.



338.750 KR.
271.900 KR.



497.750 KR.
430.900 KR.



522.750 KR.
455.900 KR.

ÖLL VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



*Fri uppsætning miðast við uppsétningu á höfuðborgarsvæðinu. Smá aksturur gjaldt bæstist við út á land. Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Tákn lífs og dauða

Bautasteinn kemur nú út í 25. sinn. Fyrsta tölublaðið kom út vorið 1996 en Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) var stofnað 9. desember 1995. Í aðfaraorðum fyrsta tölublaðs segir:

„Stjórn KGSÍ telur að blaðaútgáfa á vegum sambandsins sé rökrétt framhald þessa samstarfs. Bautasteinn verður vettvangur umræðu um kirkjugarðamálefni hér á landi, en áætlað er að gefa blaðið út tvisvar á ári, á vordögum og fyrir veturnætur. Stefnt verður að því, að efni í blaðið berist sem víðast að og það upplýsi lesendur um flest er lýtur að kirkjugarðamálefnum. Blaðið verður að mestu fjármagnað með auglýsingatekjum.“

Blaðið hefur komið út einu sinni á ári að árinu 1997 undanskildu en þá komu út tvö tölublöð. Einnig hefur Fréttabréf KGSÍ oft verið gefið út að hausti. Ég tel að markmið stjórnar hafi gengið eftir. Þessi 25 ár hefur stór hluti af efni blaðsins borist víða að og flutt fréttir beinlínis og óbeinlínis tengdar málefnum kirkjugarða.



Í fyrsta tölublaði Bautasteins var merki KGSÍ kynnt. Gunnar Jóhannsson grafískur hönnuður og þáverandi starfsmaður hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ
og forstjóri KGRP

hannaði merkið. Hann lýsir hönnun þess með eftirfarandi orðum:

„Þegar ráðið er í táknmal merkisins er ljóst að uppistaðan er fjögur krónublöð. Þau má túlka sem tákn landsfjórðunganna og mynda blöðin samhverfan negatífan kross á milli sín. Krónublöðin tengjast síðan upphafsstöfum KGSÍ með tveimur línunum og mynda stafirnir og línurnar stöngul og blöð blóms. Eins má benda á það að krónublöðin eru ekki ósvipuð fiðrildavængjum. Sem kunnugt er þá skríður fiðrildið alskapað og fagurt úr fiðrildapúpu og er um leið táknmynd fyrir umbreytingu og framhaldslíf.“

Merki Kirkjugarðasambandsins er í tveimur bláum litum, sá dekkri fyrir neðan er tákn dauðans en hinn ljósari að ofan tákn lífsins.“

Aðalfundi KGSÍ 2020 frestað

Vegna ástandsins í þjóðfélaginu og þeirra skerðinga sem farsóttin hefur haft á líf manna hér á landi og um allan heim hefur verið ákveðið að fresta aðalfundi Kirkjugarðasambands 2020. Þetta var ákveðið í stjórn KGSÍ í upphafi samkomubanns en fundinn átti að halda á Hótel Laugarbakka í Miðfirði 23. maí nk. Stjórn ákvað að fresta fundi fram á haustið eða jafnvel fram á vorið 2021 og taka þá árin 2019 og 2020 saman. Nánari dagsetning verður ákveðin og tilkynnt þegar í ljós kemur hvernig farsóttin þróast hér á landi.



Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
Gufuneskirkjugarð Fossvogskirkjugarð
Sólland og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá kl. 9 - 16
í síma 585 2700 og 585 2770.

Einnig er hægt að panta beint af
vefnum www.kirkjugardar.is



- Bálfararbeiðni
- Skipulag útfarar
- Æviágrip í Legstaðaskrá

www.kirkjugardar.is

Fornir legsteinar í Viðey

Annar skemmdur og hinn illa farinn

Tvo gamla legsteina er að finna úti í Viðey, norðan við Viðeyjarstofu, en þeir höfðu áður verið í garði Viðeyjarkirkju. Þeir eru illa farnir og ekki verið ákveðið hvað verði gert við þá. „Það þarf að taka ákvörðun út frá ástandi þessara fornleifa hvað verður gert og það viljum við gera í góðu samráði við kollega okkar og þá aðila sem að málinu koma. Persónulega fyndist mér vera ákjósanlegt að steinarnir yrðu áfram úti í eyju ef hægt er að gera við þá að einhverju marki. Nú eru þeir óvarðir fyrir veðri og vindum og ef menn vildu fara í miklar framkvæmdir væri hægt að byggja til dæmis yfir þá með gleri. Þeir gætu hugsanlega verið til sýnis í kjallara Viðeyjarstofu,“ segir Guðbrandur Benediktsson, safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Rannsóknnum ekki lokið

Margir þjóðþekktir menn hvíla í kirkjugarðinum í eyinni svo sem Ólafur Stephensen stiftamtmaður, sonur hans, Magnús konferensráð, og Gunnar Gunnarsson skáld.

Ákveðið var árið 1988 að kirkjugarðarnir í Reykjavíkurborg prófatsdæmum hefðu í framtíðinni umsjón með kirkjugarðinum í Viðey. „Húsin í eyinni höfðu staðið auð í svolitinn tíma og þegar Reykjavíkurborg fagnaði afmæli sínu árið 1986, þegar 200 ár voru liðin frá því Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi, gaf ríkið Reykjavíkurborg Viðey að gjöf,“ segir Guðbrandur í samtali við Bautastein. „Þá var farið í að byggja upp Viðeyjarstofu og kirkjuna af miklum myndarskap og var meðal annars grafinn kjallari norðan við Viðeyjarstofu. Mikil fornleifarannsókn fór fram þar sem komu í ljós meðal annars minjar frá klausturtímanum og eldri skáli. Þetta er ekki fullklárað og lengi hefur fólk verið að velta því fyrir sér að taka upp þráðinn.“

Óvarin minningarmörk

Á þessum tíma var einnig farið í lagfæringu á kirkjugarðinum og var hann sléttaður og lagfærður og garður hlaðinn í kringum hann. Rétt undir sverði, norðan við



Kirkja hefur verið í Viðey frá 12. öld og var stofnað munkaklaustur í eyinni árið 1225. Viðeyjarkirka, sú kirkja sem stendur nú, var vígð árið 1774.



Teikning Sveinbjörns Rafnssonar sagnfræðings af öðrum fornu legsteinanna í Viðey en hann kannaði ástand þeirra árið 1969. Þessar fornleifar liggja nú undir skemmdum.

kirkjuna, lágu minningarmörk, tveir stórir legsteinar úr erlendu bergi, sem taldir eru vera frá 19. öld. „Þeir höfðu verið rannsakaðir á 7. áratug síðustu aldar og annar var talinn ónýtur og ekki var hægt að lesa hvað á honum hafði staðið. Hann var yfir Vigfúsi Scheving og Önnu Stefánsdóttur, konu hans. Af einhverjum ástæðum fengu þeir ekki að vera þarna og voru teknir til hliðar. Það komst ekki í botn í hvað átti að gera við þá að mér skilst,“ segir Guðbrandur en steinarnir voru geymdir árum

saman á bak við Viðeyjarstofu en síðustu ár hafa þeir legið norðan við stofuna, skammt frá nýuppgerðu útivistarsvæði. „Minningarmörkin eru óvarin fyrir veðri og vindum. Það var sett tréplata yfir steinana en það er ekki framtíðarlausn og smám saman versnar ástand þeirra eins og gengur og gerist í kirkjugörðum þar sem minningarmörk fara oft illa með tímanum.“

Fornleifar á gráu svæði

Þegar Viðey kom undir hatt Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem var stofnað árið 2014, var farið að skoða þetta mál aftur. „Við fórum út í Viðey og veltum þessu töluvert fyrir okkur í samræði við kollega okkar frá Minjastofnun, sem er eftirlitsaðili með öllum fornleifum á landinu, og á Þjóðminjasafni Íslands sem varðveitir jarðfundnar fornminjar. Það voru einhver áhöld um það hvort steinninn sem heillegri er ætti að fara í Þjóðminjasafnið eða hvort það ætti að reyna viðgerð á honum. Þetta var talin dálítið flókin og dýr viðgerð og því var einnig spáð í hvort þeir ættu að fara aftur í jörðu. Menntu voru að velta fyrir sér hvað væri farsælast en þetta liggur á gráu svæði, það er að segja hvort þetta séu fornminjar, sem mættu þar með fara á Þjóðminjasafnið, eða hvort þetta séu fornleifar sem mættu vera áfram úti á sínum stað og mundu þá falla undir Minjastofnun Íslands. Boltinn er dálítið á lofti með það. Það er gott að fá þessa fyrirsögn og taka aftur upp þráðinn í samvinnu við Minjastofnun og Þjóðminjasafnið.“

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

VANDAÐIR KROSSAR Á LEIÐI

3ja ára ábyrgð



JS LJÓSAMIDJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegur 34, Brún gata | 200 Kópavogur
velaverkjs@simnet.is | velaverkjs.is / slattuvel.is

S. 554 0661

Haugfé og hefðarrof

Texti: Svava Jónsdóttir – Myndir: Friðþjófur Helgason



Hilmar Örn Hilmarsson. „Við erum aldrei með fyrir fram ákveðið mót þó við séum með einhver erindi úr Eddukvæðum á sama hátt og fólk í kristnum jarðarförum er með eitt-hvert guðspjall eða ritningagreinar.“

Við erum með nokkuð skýra hugmynd um grafarsíði heiðinna manna. Þó það sé ekki algilt þá virðist hafa verið sú regla að fólk var jarðsett með höfuðið í suður eða suðvesturátt. Það var yfirleitt sett haugfé, einhverjir gripir, með fólk. Það fóru tiltölulega fá sverð í íslensk kuml en þau voru hins vegar mjög algeng bæði í Danmörku og Noregi. Engar skipagrafir hafa fundist hérlendis en það hafa hins vegar fundist örfáar bátagrafir á Íslandi.“

Þetta segir Hilmar Örn Hilmarsson, tónskáld og allsherjargoði Ásatrúarfélagsins. Í dag fer útför Ásatrúarmanna oft fram í Fossvogskirkju sem er ekki sóknarkirkja og því notuð af mörgum trúfélögum eða jafnvel frá félagsheimilum. Þá hafa útfarir farið fram í Hörpu og á hóteli. Um 80% félaga kjósa bálfor að sér látnum.

„Við erum alltaf að læra eitthvað nýtt. Það eru alltaf að finnast kuml sem breytir skoðun manna á því hvað hefur verið gert. Í fyrra fundust kuml í Noregi sem hafa breytt hugmyndum manna um hvað var gert og hvernig,“ segir Hilmar Örn Hilmarsson, tónskáld og allsherjargoði Ásatrúarfélagsins, sem veit margt um útfararsíði Ásatrúarmanna að fornu og nýju. „Það var til dæmis mjög merkilegur fornleifafundur í Noregi í fyrra þar sem fundust bein fólks sem hafði verið grafið sitjandi sem er

ekkert alveg óþekkt; það hefur komið upp áður en þarna var það mjög stórt og mikið grafsvæði þar sem fólk hafði verið jarðsett í hring yfir lengri tíma.“

Vel búið um þá látnu

Kristján Eldjárn, fornleifafræðingur og fyrrverandi forseti Íslands, skrifaði doktorsritgerð sem heitir „Kuml og haugfé úr heiðnum síð á Íslandi“ sem Hilmar Örn segir að sé undirstöðurit varðandi greftrunarsíði til forna. „Hann rannsakaði allt um kuml sem hafði fundist hér á landi. Niðurstöðurnar birtust í doktorsritgerð hans og í áður nefndri bók sem hefur verið endurútgefin tvisvar sinnum og bætt við nýjum upplýsingum.“ Hilmar Örn segir að augljóst sé að vel hafi verið búið um þá látnu. Talið var að gripir sem settir voru í gröfina myndu nýtast viðkomandi í framhaldslífinu. „Það er allt frá skartgripum, nælum og yfir í hross og hunda. Það var mjög algengt að dýr hafi verið látin fylgja þeim látna.“

Hilmar Örn segir að kuml hafi tekið mikið mið af viðkomandi svæði. „Það voru til dæmis ekki sömu grafarsíðir í Svíþjóð, Noregi, Danmörku og á Íslandi þótt þeir hafi átt margt sameiginlegt. Það var engin meginregla. Stundum endurspeglaði þetta þjóðfélagsstöðu viðkomandi og virðingu í því samfélagi sem hann eða hún lifði í.“

Blóm á leiði

Þjóðum upp á mikið úrval blóma á grafreiti.



Heiðmörk 38
810 Hveragerði
Sími 483 4800
Fax 483 4005
flora@floragardyrkjastod.is



FLÓRA
GARÐYRKJUSTÖÐ

Hefðarrof

Hilmar Örn segir að mikið hafi breyst við kristnitöku í öllum þessum löndum og að þá hafi grafirnar farið að snúa í aðra átt. „Við erum með austur-vestur ríkjandi í kristnum gröfum. Þess vegna skera kumlin sig úr við forn-leifafundi. Það var þó engin algild regla þó að höfuðið í stórum hluta af íslenskum kumlum snúi greinilega í suður eða suðvestur. Þetta hefur vafalaust verið einhver hugmyndaheimur þar sem hásuðrið var meira helgi-staður fyrir heiðna menn.“

Við kristnitöku fóru Íslendingar að taka upp grafarsíði sem komu frá Rómakirkjunni sem Hilmar Örn segir að hafi aftur á móti þegið eitthvað frá gyðingdómnum og hugsanlega eitthvað frá Grikklandi og hinu forna Rómaveldi. „Það varð náttúrulega hefðarrof við kristnitöku. Eflaust hefur fólk verið jarðsett eftir kristnitöku á mörkum heiðni og kristni í næstum því 100 ár.“

Heiðið minni

Hilmar Örn segir að eftir siðbótina hafi verið komið mjög strangt lútherskt form á útfarir og alla síði í kringum þær. „Það hafði verið haldið upp á gamla síði á heiðnum tímum svo sem ef viðkomandi einstaklingur hafði verið erfiður eða þótt fjölkunnugur en þá var stundum rofinn veggur og sá látni borinn þar út og síðan fyllt upp í vegginn aftur svo hann myndi ekki ganga aftur og fara heim til sín. Allt svona lagðist af á kristnum tímum.“

Auðvitað hefur fólk verið greftað með gripri með sér eftir kristnitöku eins og við sjáum með Pál biskup sem var grafinn í steinkistu í Skálholti. „Talið er að kista sem fannst við rannsóknir í kirkjugarðinum í Skálholti árið 1954 sé kista Páls Jónssonar biskups sem talið er að hafa látist árið 1211 og fannst beinagrind og krókur af biskupsstaf í kistunni. „Það voru gripir lagðir í kistu og gröf fólks og það hefur haldist fram eftir öllu. Það er ákveðið heiðið minni sem deyr ekki svo auðveldlega.“

Bálfarir

Hilmar Örn segir að stóra breytingin varðandi grafarsíði á Íslandi tengist tilkomu Guðspekifélagsins í byrjun 20. aldar. „Þá fóru menn að hugsa um bálfarir sem höfðu að öllum líkindum litið þekkt hér. Þær hafa verið örfáar á Íslandi á heiðnum tíma en það eru miklu fleiri dæmi um bálfarir í Skandinavíu þar sem líkin voru brennd en hér á landi tengdist það líklegast viðar- og timburskorti og var því praktísk ákvörðun. Með tilkomu Guðspekifélagsins fóru menn að huga að því sem hafði verið gert í Guðspekifélögum á Englandi og í Bandaríkjunum þar sem bálfarir komust allt í einu í tisku. Þess ber að geta að þarna voru menn að lita til hindúisma en ekki norrænnar heiðni.“

Ásatrúarfélagið var stofnað árið 1972 og segir Hilmar Örn að stór hluti af félögum hafi óskað eftir því að það yrði bálför að þeim látnum. „Við vorum þar í miklum meiri-hluta miðað við Þjóðkirkjuna – hlutfallið hjá okkur var

um 60% en um 40% hjá Þjóðkirkjunni. Nú eru bálfarir um 80% hjá Ásatrúarmönnum.“

Útför fyrsta athöfnin

Sveinbjörn Beinteinsson var fyrsti allsherjargoði Ásatrúarfélagsins. „Hann var aldrei með útför á öllum sínum ferli. Mig minnir að arftaki hans, Jörmundur Ingi, hafi séð um fjórar útfarir. Þegar ég tók við árið 2003 voru félagar orðnir eldri og þar af leiðandi voru fleiri dauðsföll þannig að það hefur orðið veruleg fjölgun á útförum á okkar vegum. Fyrsta athöfnin sem ég sá um var hvorki brúðkaup né nafngjöf heldur útför vinar míns. Ég var nýkominn í embætti þegar ég þurfti að jarða hann og hann var einn af þeim fyrstu sem fékk að dreifa öskunni. Ösku nokkurra í viðbót hefur verið dreift en algengast er að henni sé fundinn staður og erum við til dæmis með mjög fallegan haug í grafreitnum okkar í Gufuneskirkjugarði þar sem eru mörg duftker. Mörg duftker hafa verið sett í Sólland, duftkersreit Fossvogskirkjugarðs, auk þess sem duftker hafa verið jarðsett í kirkjugörðum út um allt land þar sem fólk hefur viljað hvíla hjá ættingjum þó það sé kristinn kirkjugarður og það hefur alltaf verið auðsótt mál.“

Fagna lífi viðkomandi

Hilmar Örn segir að Ásatrúarfélagið hafi verið að móta sínar eigin hefðir þegar kemur að útförum og að hver útför sé mjög persónubundin. „Það mótast kannski af því að mikið af okkar fólki hefur látið vita hvaða áherslu það vill í útförinni. Vinur minn var til dæmis búinn að velja hvaða rímnalög yrðu kveðin í sinni athöfn og setti fram fyrir mæli um að Steindór Andersen myndi kveða þau. Hann vildi ekki skrúðmælggi og bannaði alla tilfinningasemi. Ég tók þess vegna þann pól í hæðina að tala um manninn sem ég þekkti og þá kosti sem hann hafði sem var ekki oflof heldur þakklæti fyrir hans góða og stundum brokkgenga líf. Sá siður hefur dálítið haldist. Við erum ekki að syrgja. Við erum að fagna lífi viðkomandi. Líf fólks er þó misgott. Við höfum öll með okkar kostum og göllum eitthvað sem hægt er að tala um á jákvæðan hátt. Það er oft mikilvægt fyrir fólk sem er að kveðja kannski við erfiðar kringumstæður að dvelja við hið góða í stað þess að týnast í sorginni.“

Útför jafnvel frá félagsheimilum

Við útfarir klæðist Hilmar Örn kuflí allsherjagoðans sem er úr hör. Við kistulagningu er hann með slá sem er úr fjöluþlárrí ull en við útförina sjálfa er sláin græn sem táknar endurlífingun og framhald.

Að hans sögn eru líkföt látinna félaga í Ásatrúarfélaginu mismunandi. „Það fer mikið eftir því hvað fólk vill. Konur hafa verið settar í uppáhaldskjólinn sinn og menn hafa verið í lopapeysum en þetta fer samt mikið eftir því hvernig ættingjarnir vilja hafa þetta.“

Hilmar Örn segir að útfarir á vegum Ásatrúarfélagsins séu einstakar að því leyti að flestar fari þær fram í



„Það er allt frá skartgripum, nælum og yfir í hross og hunda. Það var mjög algengt að dýr hafi verið látin fylgja þeim látna.“

Fossvogskirkju sem sé ekki sóknarkirkja. „Kirkjan er notuð fyrir athafnir hjá öðrum trúfélögum eins og búddistum, baháum, múslimum og öðrum en kirkjan er ekki skreytt trúartáknun þannig að þetta er hlutlaust svæði.“

Það er gjarnan kistulagning í kapellunni á undan þar sem nánustu ættingjar eru viðstaddir. Hún er kveðjustund þar sem er verið að kveðja líkama viðkomandi og er mjög gjarnan tónlist í aðalhlutverki í þeirri athöfn; það er ekki verið að tala mikið um lífið en við geymum það fyrir útförina sjálfa.“

Meðlimir Ásatrúarfélagsins hafa sumir verið jarðsettir frá félagsheimilum út um allt land og í einu tilfelli fékkst leyfi til að útförin færi fram á hóteli úti á landi. Í öðru tilfelli var séð að gestir við athöfnina yrðu svo margir að Fossvogskirkja myndi ekki rúma þá alla. „Við leigðum sal í Hörpu undir athöfnina og mættu um 800 manns.“

Guns N' Roses

Hilmar Örn segir að alltaf sé hlustað á ættingja þess látna fyrir útförina og að það séu í rauninni þeir sem ráði ferðinni. „Við erum aldrei með fyrir fram ákveðið mót þó við séum með einhver erindi úr Eddukvæðum á sama hátt og fólk í kristnum jarðarförum er með eitthvert guðspjall eða ritningagreinar. Við finnum kvæði eða kvæðabúta og stundum erum við meira opin fyrir kveðskap fyrir utan Eddukvæði eða einhverjar aðrar „trúarbókmenntir“ okkar.“

Hilmar Örn segir að sumir vilji hafa kransa í útförinni. „Það þarf að átta sig á að um 80-90% þeirra sem mæta í athöfnina eru ekki heiðnir; þeir eru kristnir og fylgja kannski sínum með því að hafa blóm og kransa. Stundum og kannski oftar hjá okkur heldur en öðrum hafa ættingjar fundið eitthvað sem er táknrænt fyrir viðkomandi og er jafnvel farið upp í Heiðmörk og tint lyng og annar gróður sem þeim finnst vera viðeigandi. Núna er bann við því að settir séu málmhlutir í kistur

Þannig að fólk er ekki að setja mikið í kisturnar nema kannski að margir hafa beðið um að fá Eddukvæði með sér. Við höfum stundum leyft bréfum og teikningum að fylgja með.

Þessar athafnir eru þess vegna misjafnar og það eina sem ég get sagt að sé líkt með þeim er að við dveljum minna við sorgina heldur en er yfirleitt í kristnum athöfnum og fólk hefur haft á orði að því finnist jarðarför hjá okkur jafnvel vera skemmtileg.“

Hvað varðar tónlistina í útförinni segir Hilmar Örn að hún endurspeglar yfirleitt tónlistarsmekk viðkomandi. „Við erum með eiginlega allt nema sálma. Ég sá einu sinni um útför þar sem var bara spiluð tónlist Guns N' Roses og það var líklega hæsta desibelamagn í útför á Íslandi.“

Deyja inn í fjall

Ásatrú eða heiðinn siður byggir að miklu leyti á fornri, norrænni goðafræði. Taka skal fram að margir ásatrúarmenn líta þó frekar á ásatrú sem sið eða lífsstíl heldur en bein trúarbrögð.

Hilmar Örn segir að margar handanvistir séu í bókmenntum ásatrúarmanna og að úr miklu sé að velja.

„Fólk getur dáið inn í fjall eins og fjallað er um í mörgum sögum. Eitt dæmi er Kráku-Hreiðar Ófeigsson sem kaus

að deyja inn í Mælifell og þetta er eitt af mörgum dæmum þar sem menn velja sér handanvist í fjalli og eru þar með ættingjum og vinum í eilífum fagnaði. Menn geta dáið inn í steina og setið þar og kveðið eins og Gunnar á Hlíðar-enda. Hel er ekki slæmur staður þótt það hafi fengið á sig slæma mynd í gegnum kristni en menn hafa ruglað því saman við „hell“. Egill Skallagrímsson sagði í Sonartorreki að hann muni glaður og með góðum hug heljar bíða. Svo erum við með sal eins og Gimli þar sem allt góða fólkið fer eins og segir í Völuspá. Sumir trúa því að þeir fari til Valhallar eða húsakynna þess goðmagns sem þeir hafa áhuga á eins og Fensali hjá Frigg og Fólkvangi Freyju. Þá er fjallað um endurholdgun í Helgakviðu Hundingsbana. Stærsta hugmyndin sem endurspeglast í Hávamálum er að fólk lifi áfram í verkum sínum - á góðan eða slæman hátt. Ef menn hafa verið dólgar og lélegir þá eru þeir dæmdir af því fólki sem á eftir þeim kemur.“

Hilmar Örn segist vera mjög opinn þegar hann er spurður hver trú hans sjálf sé varðandi það hvað taki við eftir að fólk deyr.

„Ég hef ákveðna trú á endurholdgun. Ég er líka mjög hrifinn af þeirri hugmynd að menn lifi áfram í verkum sínum og þar getur maður nálgast lofgjörð eftirlifanda og þakkað fyrir lífshlaup og lífsverk sem hefur verið gert af góðum hug.“

Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu

Breytingar boðaðar

Dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, lögum um Kristnisjóð o.fl., lögum um sóknargjöld o.fl. og lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og um brottfall laga um kirkjumálasjóð (viðbótarsamningur íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar).

Það sem beinlínis tilheyrir kirkjugörðum er breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993. 2. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: „Kirkjugarðsstjórn sér um að láta taka allar grafir í garðinum og sér um árlegt viðhald legstaða.“ Fellt er niður: „..... og ber kostnað af prestþjónustu vegna útfara.“

Þetta þýðir að greiðsluskylda kirkjugarða vegna prestsþjónustu fellur niður og prestar verða að senda reikninginn á viðkomandi dánarbú. Þannig var fyrirkomlagið fyrir lagabreytingu 1993 og þótti breytingin þá vera nokkuð sérstök þegar litið er til þess að fjölmargir koma



að þjónustu við útfarir, s.s. útfararstjórar, organistar, kórar o.fl. sem hafa þurft að senda dánarbúinu reikning vegna þjónustunnar.

Til stóð að lagabreytingin tæki gildi í júlí en væntanlega hefur þetta mál vikið fyrir COVID-19 eins og fjölmörg önnur ríkisstjórnarmál.

Minningin lifir meitluð í stein



STEINKOMPAÑÍÐ
Viðarhöfða 1



www.steinkompaniid.is

852 6111 852 7111

Kirkjugarðsveggurinn við Blönduóskirkjugarð

Endurbætur fjármagnaður með sölu í kótiletum!

Texti og myndir: Páll Friðriksson

Síðasta haust lauk viðgerðum á kirkjugarðsveggnum á Blönduósi á brekkunni ofan við gömlu kirkjuna, vestan Blöndu. Um steiptan vegg er að ræða sem veður og vindar hafa niðst á, slitið og tært með árunum. Valdimar Guðmannsson, formaður stjórnar kirkjugarðsins, hefur staðið í fararbroddi vegna þessara framkvæmda og viðhalds garðsins og var viðtal við hann um framkvæmdina í vikublaðinu Feyki á Norðurlandi vestra sl. haust. Við fengum góðfúslegt leyfi blaðsins til að endurbirta hluta viðtalsins. Fyrirsagnir eru Bautasteins.

Garður með langa sögu

Kirkjugarðurinn á Blönduósi var tekinn í notkun árið 1900 á sér því langa sögu sem skráð er á skilti sem haganlega hefur verið komið fyrir í garðinum. Þar

stendur m.a. að í fyrstu hafi hann einungis verið girtur vírneti á tréstólpum en þá þegar hafi verið gert ráð fyrir steingirðingu, hlaðinni eða steyptri. „Garðurinn var hafður 40 álnir á hvern veg, þ.e. kringum 24 metra á kant, en nægilegt rými var á allar hliðar til stækkunar síðar. Sigurður Oddleifsson, eiginmaður Margrétar Gísladóttur frá Húnsstöðum, hafði forgöngu um uppbyggingu garðsins en Benedikt Pétursson á Blönduósi sá um alla járnsmíði. Garðurinn var tilbúinn haustið 1900 og var fyrst jarðsett í hann 30. nóvember það ár. Þá var borin til grafar Guðbjörg Guðmundsdóttir, ekkja Benedikts Jónssonar, búandi á Blönduósi, 82 ára gömul og Björn Erlendsson, ungur drengur, sonur Erlendar Björnssonar og Guðrúnar Helgadóttur á Blönduósi,“ segir Valdimar Guðmannsson í viðtali.



Valdimar Guðmannsson, formaður stjórnar kirkjugarðsins á Blönduósi er líka einráður í Kótiletufélaginu á Blönduósi, enda smekkmáður mikill á mat.



Í kirkjugarðsvegginn á Blönduósi er innfellt listaverk eftir Snorra Svein Friðriksson, myndlistarmann frá Sauðárkróki. Dr. Maggi Jónsson arkitekt hannaði sjálfan garðinn.

Veggur frá árinu 1973

Gamla kirkjan á Blönduósi var vígð 13. janúar 1895 en hefur nú verið afhelguð. Kirkja sóknarinnar var áður á Hjaltabakka en talið var eðlilegt að færa hana á Blönduós þegar fólki þar fjölgaði. Í garðinum á Hjaltabakka var fátt minningarmarka, segir í sögu kirkjugarðsins, en þó voru þar tveir steinar sem nú hafa verið fluttir í garðinn á Blönduósi, rísa þar upp við suðurvegginn. Þeir eru yfir Thomasi J. Thomsen fyrsta kaupmanni á Blönduósi, f. 1842, d. 1877 og Friðriki Valdimar Davíðssyni, verslunarstjóra á Blönduósi f. 1860, d. 1883, og eru því elstu legsteinarnir sem nú eru í garðinum. Á þriðja áratugnum var garðurinn stækkaður og girtur með neti milli tréstoipa en slá ofan og neðan við. Þannig var girðingin fram til ársins 1973 er hann var stækkaður verulega og gerður um hann steinsteyptur veggur sem doktor Maggi Jónsson, arkitekt frá Kagaðarhóli, teiknaði. Á honum er innfellt munstur sem Snorri Sveinn Friðriksson, myndlistarmaður frá Sauðárkróki, hannaði og segja fróðir menn að vinnuheitið hafi verið: Frá vöggu til grafar. Það vantar því ekki mörg ár upp á að hálf öld sé liðin frá því garðsvegurinn reis og ekki að undra þó viðhald væri komið á hann.

Verkið unnið í áföngum

Valdimar Guðmannsson er, eins og áður segir, formaður stjórnar kirkjugarðsins og segir hann að hann hafi látið plata sig í þetta árið 2017. En svo virðist sem það gabb hafi borgað sig því verkefnið hafa verið leyst með afar góðum árangri þó ekki sé allt búið enn.

„Þegar ég tók að mér formennsku gerðum við þriggja ára plan. Það var að klára upplýsingaskiltin sem búið var að tala um í tíu ár, reyna að fá bílaplan við inngang sem búið var að tala um í enn lengri tíma og svo að gera við vegginn. Það sem er eftir á okkar áætlun er að endurnýja

göngustíg í garðinum og setja á hann hellur. Hann er svolítið erfiður að því leyti að hann mjókkar í vestur þar sem grafir eru nálægt. Það er mikið verk að halda honum án gróðurs yfir sumarið,“ segir Valdimar.

Hann segir viðgerð garðveggjarins hafa verið mun meiri en upphaflega var reiknað með, sérstaklega sprunguviðgerðirnar. „Já, þetta var mikið verk. Byrjað var á þessu síðast í maí og unnið í lotum í sumar. Við vorum með afbragðs múrara úr Mosfellsbæ sem er öðru hvoru hættur að vinna en tekur að sér minni verk og okkur tókst að plata hann í þetta. Allt efni var sérpantað erlendis frá en á að þola íslenskt veður, alla vega næstu árin,“ segir hann og brosir enda má segja að allir sem hafa skoðað framkvæmdirnar lítist vel á hvernig til hefur tekist. Hringurinn er tæpir 600 metrar og tvöfalda má þá tölu þar sem veggurinn þurfti viðgerð beggja vegna og Valdimar jánkjar þegar spurt er um kostnað. „Kostnaðurinn er mikill. Mér sýnist niðurstaðan vera um þrjár og hálf milljón.“

Kótilettur til hjálpar

Ljóst er að þegar farið er í hvers konar framkvæmdir tengdum kirkjugörðum á Íslandi er sjaldan í digra sjóði að sækjast. Þá standa stjórnir þeirra frammi fyrir þeirri spurningu, hvernig fjármögnum við verkið?

„Það er nú eiginlega saga að segja frá því. Áður en við byrjuðum höfðum við vilyrði fyrir styrkjum frá tveimur aðilum upp á tvær milljónir. Annars vegar frá Kirkjugarðssjóði og hins vegar frá Húnavatnshreppi, sem á aðild að hluta til að þessari sókn, en að öðru leyti höfum við náð að fjármagna þetta með, ég kalla það, snikjum. Við settum lúkkureikning af stað og minntum öðru hvoru á hvað við værum að gera hér og viðbrögð heimamanna hafa alltaf verið með eindæmum góð. Burtfluttir og



Elstu legsteinarnir í garðinum voru upphaflega í gamla kirkjugarðinum á Hjaltabakka.


fyrirtæki á staðnum hafa einnig stutt okkur alveg stórkostlega. Við skiljum við þetta verkefni skuldlaust.“

Valdimar er ekki einungis formaður stjórnar Kirkjugarðs Blönduóss heldur er hann einráður í Kótiletufélaginu á Blönduósi, enda smekkaður mikill á mat. Hann segist hafa misnotað aðstöðu sína og auglýst kótiletukvöld sem fjáröflun fyrir kirkjugarðinn. Valdimar er þakklátur öllum þeim sem hafa komið að kótiletukvöldum í gegnum

tíðina en hann segist sjálfur hafa haldið að þetta yrði aldrei neitt sem myndi lifa í fimm ár þar sem þetta hafi bara verið fikt í upphafi. En er þá ekki möguleiki á því að þetta geti lifað næstu fimm ár?

„Ja, maður veit aldrei um það. Ég hætti ekki meðan fólk kemur,“ segir hann svo líklega verður hann að standa vaktina eitthvað áfram þar sem vel hefur verið mætt á kótiletukvöldin. Hver er ekki sáttur við það?“

FALLEGIR LEGSTEINAR



Bergsteinar
legsteinagerð efh.

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi
sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Legsteinar

Þjóðum einnig upp á
uppsetningu og lagfæringar
á eldri steinum.

Persónuleg og fagleg þjónusta.

Sendum um land allt.

Legsteinn.is

Sími 466 3110
legsteinn@legsteinn.is



gardur.is



Í minningu látinna

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látnir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenni, samferðafólk og myndir.

Hvernig er hægt að fá efnið birt?

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.

www.gardur.is

Vefurinn gardur.is

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á gardur.is

Birtir myndir af legsteinum úr fjölda kirkjugarða

Rakel Bára Þorvaldsdóttir hefur í um sex ár safnað myndum af legsteinum í fjölda kirkjugarða sem sjá má á síðu hennar legstadaleit.com. Á síðunni voru í mars upplýsingar um tæplega 10.000 einstaklinga, rúmlega 4.800 legsteina, 162 kirkjugarða, 119 manns sem hvíla í votri gröf og tæplega 760 andlitsmyndir. „Ég held að það gefi mér einhverja ákveðna gleði þegar ég lýk við að skrá einhvern kirkjugarð, vitandi að ég hef gert mitt til að varðveita upplýsingar um fólkið sem hvílir þar. En því miður er í sumum tilfellum illa hugsað um leiði auk þess sem margir kirkjugarðar eru í niðurniðslu sem mér finnst alltaf sorglegt að sjá, vitandi að þar hvílir fólk sem var mikilvægt einhverjum áður fyrir. Ég vil ekki að fólk gleymist, ég vil halda minningunni lifandi sama hvenær fólkið lifði.“

Rakel Bára Þorvaldsdóttir ólst upp í Hvalfirði. „Pabbi og langamma voru sóknarnefndarformenn í Saurbæ, mamma var meðhjálparari og amma var í sóknarnefnd. Ég fór alltaf í sunnudagaskóla þegar ég var krakki og stundum vorum við eina fjölskyldan í messunni hjá prestinum.“

Rakel Bára skoðaði oft leiðin í kirkjugarðinum. „Langamma mín og langafi eru jörðuð í Saurbæ og ég vitjaði leiða þeirra og fannst legsteinninn vera svo fallegur en hann er eins og opin bók. Nafn langömmu er á annarri síðunni og nafn langafa á hinni. Mér hefur alltaf fundist vera áhugavert að skoða kirkjugarða; sérstaklega af því að þeir eru svo misjafnir og misjöfn saga fólksins sem hvílir þar. Ég hef lengi haft áhuga á ættfræði og fór snemma að tengja þá saman sem liggja í kirkjugarðinum og sá að oft voru fjölskyldumeðlimir jarðaðir á sama svæði.“

Rakel Bára fékk eitt eða tvö sumur á unglingsárunum hlutastarf sem fólst í að slá grasið í kirkjugarðinum. „Ég fór alein þarna inn eftir og fannst það vera svolítið óhugnalegt að vera þar ein fyrst. Ég var örugglega búin að horfa á of margar bandarískar bíómyndir. Á þeim dögum var ekki búið að slétta garðinn þannig að ég þurfti að fara með sláttuorfi inn á hvert einasta leiði. Þá skoðaði ég að sjálfsögðu legsteininn eða krossinn og reiknaði út aldur viðkomandi og velti fyrir mér hver væri saga þess sem hvíldi þar. Þegar ég kom heim spurði ég ömmu mína og hún gat yfirleitt sagt mér eitthvað um fólkið, hverjir höfðu búið hvar, ef einhver hafði druknað eða dáið í slysi og



Rakel Bára Þorvaldsdóttir. „Ég hef vonast til þess að fólk hafi samband við mig, ef fólk vill bæta við minningarorðum eða myndum tengdum ættingjum sínum.“

annað um sögu fólksins. Ég held að þetta sé viss forvitni í manni. eru Íslendingar ekki dálítið forvitnir um hvern annan?“

Varðveisla

Árin liðu og alltaf hafði Rakel Bára jafnmikinn áhuga á að skoða legsteina í hinum ýmsu kirkjugörðum bæði hér á landi og erlendis. Hún flutti til Danmerkur fyrir um 20 árum þar sem hún lærði verkfræði og vann síðan sem verkfræðingur en hún varð síðar öryrki.

„Mig langaði til að gera heimasíðu um legsteina af því að ég var sjálf búin að nota heimasíðuna findagrave.com sem hefur að geyma ljósmyndir af legsteinum hvaðanæva að úr heiminum en hefur að vísu ekki myndir af mörgum íslenskum steinum. Mér fannst vera svo frábært að geta fundið þessar upplýsingar á netinu, það var eins og maður stæði í garðinum og væri að horfa á steininn/krossinn. Kirkjugarðssamband Íslands er svo með vefinn gardur.is sem er alveg stórkostleg uppfinning. Mér vitanlega er ekkert annað land í heiminum með grefr-



Legsteinn í Flateyjarkirkjugarði. „Mér finnst hann segja mikla sögu um hvað þessi fjölskylda hefur þurft að upplifa og þola.“

Af síðunni legstadaleit.com

„Ættfræði hefur alltaf verið eitt af mínum aðal-áhugamálum. Þegar ég var unglingur sá ég um að slá kirkjugarð sóknarinnar í heimasveit minni og þá gafst mér tími til að sjá hversu mikla sögu má finna í jafnvel litlum sveitakirkjugarði. En ég sá líka hvernig tímans tónn getur farið með legsteina og krossa og hversu mikil saga tapast við það. Þess vegna byrjaði ég með þessa heimasíðu. Mig langar að gera alla þessa sögu aðgengilega fyrir sem flesta, sama hvar þeir eru í heiminum. Ef þú vilt hjálpa mér þá máttu endilega vera í sambandi.“

unarupplýsingar um svona stóran hluta af þegnum landsins eins og hægt er að finna hjá gardur.is. Að vísu vantar alveg myndir af legsteinunum og þar eru engar aðrar upplýsingar nema grunnupplýsingar um einstaklinginn. Mér fannst vanta markvissa varðveislu af legsteinum í formi ljósmynda því eftir því sem tíminn líður þá skemmast steinarnir/krossarnir og margir steinar eru nú þegar orðnir ólæsilegir. Ég lit þess vegna á það sem ákveðna varðveislu að safna saman ljósmyndum af legsteinum og að gera þær svo aðgengilegar fyrir þá sem hafa áhuga á þeim.“

Rakel Bára segist lengi hafa verið hikandi og jafnvel hrædd við að framkvæma þessa hugmynd þar sem hún hélt að fólk yrði á móti þessu. „Ég tók hins vegar sénsinn og spurði í Facebook-hópnum Íslensk ættfræði hvort einhverjir vildu taka myndir fyrir mig. Á milli 5 og 10 manns höfðu samband og sögðust geta tekið myndir í ýmsum kirkjugörðum. Þá lét ég bara vaða og byrjaði að búa til heimasíðuna.“

Vill helst æviágrip

Rakel Bára hefur ekki komið til Íslands í um áratug út af heilsufarsástæðum en hún hafði fyrir þann tíma tekið fjölda mynda af leiðum í íslenskum kirkjugörðum.

„Mamma hefur meðal annars tekið helling af myndum fyrir mig og svo eru ákveðnir einstaklingar rosalega duglegir eins og Trausti Traustason sem er búinn að hjálpa mér mikið en hann er búinn að taka myndir í tugum kirkjugarða fyrir norðan. Það tekur langan tíma að skrá hvern einstakling og ég vil hafa almennilegar heimildir fyrir því sem ég skrái. Ég skelli ekki bara mynd á netið og skrifa það sem stendur á steininum. Ef fólk fæddist fyrir nógu löngu síðan og til eru kirkjubækur þar sem upplýsingar eru um fæðingu og andlát viðkomandi þá nota ég þær upplýsingar og ég reyni að finna ljósmyndir af fólki ef þær eru til. Stundum læt ég minningargreinar fylgja með. Það er misjafnt hvað ég vinn mikið í þessu en það tengist því hvernig mér líður og hversu hratt þetta gengur hjá mér. Stundum gerist voðalega lítið í nokkrar vikur af því að heilsan hjá mér er upp og niður.“

Rakel Bára segir að sér finnst vera gaman að fá æviágrip látinna. „Gunnar Frimannsson hjálpaði mér með æviágrip fólks sem hvílir í nokkrum kirkjugörðum í Eyjafirðinum. Mér finnst líka gaman að geta tengt fólk í fjölskyldur. Ef nöfn hjóna eru á sama legsteini þá tengi ég þau náttúrlega saman á heimasíðunni en oft veit ég ekki um tengsl fólks.“

Rakel Bára segist ekki hafa samband við aðstandendur þeirra látnu. „Ég hef vonast til þess að fólk hafi samband við mig, ef fólk vill bæta við minningarorðum eða myndum tengdum ættingjum sínum. Stundum er það þó þannig að þegar fólk hefur sent mér myndir af legsteinum ættingja sinna þá fær að fylgja með andlitsmynd eða stutt æviágrip og mér finnst mjög gaman að fá þannig upplýsingar til að hafa með hinu sem ég hef.“

Tæplega 10.000 einstaklingar

Rakel Bára segir að þegar hún fær myndir af legsteinum í ákveðnum kirkjugarði þá byrji hún á því að fara inn á gardur.is til að sjá hvað þar er að finna um garðinn. „Svo set ég þær upplýsingar í Exel svo ég sé með nöfnin á öllum einstaklingunum í garðinum í stafrófsröð. Legsteinamyndirnar þarf ég að skera til svo að steinninn/krossinn sjáist vel og þannig að það sem á honum stendur sé eins læsilegt og hægt er. Svo byrjar handavinnan við að skrá hvern einstakling, þær upplýsingar sem ég hef um viðkomandi og svo að tengja persónuna við ljósmyndina sem ég hef. Þetta tekur allt sinn tíma; það fer að sjálf-sögðu eftir stærð kirkjugarðsins en það getur tekið mig nokkrar vikur að skrá hvern kirkjugarð.“

Stundum rekst ég á minningarsteina eins og til dæmis í Keflavíkurkirkjugarði við Aðalgötu þar sem er steinn með nöfnum skipverja sem fórust með vélskipinu Stuðlabergi 17. febrúar 1962. Ég hef valið að skrá líka alla þá sem hafa druknað og eru ekki jarðaðir í kirkjugarði og kalla hinstu hvílu þeirra „í votri gröf“. Ef um er að ræða minningarstein þá skrái ég að sjálf-sögðu í hvaða kirkjugarði hann er staðsettur. Mig langar til að halda á lofti minningu þeirra sem hafa druknað. Það er rosalegt að lesa til dæmis blaðgreinar frá 4. áratugnum þegar yfir 70 manns drukkuðu á einu ári. Þeir áttu líka fjölskyldur og mér þykir ekki vera rétt að skilja þá út undan. Þetta er gagnagrunnur yfir Íslendinga þótt hann sé kannski ekki stór svona í byrjun.“

Á síðunni legstadaleit.com voru í mars árið 2020 upplýsingar um tæplega 10.000 einstaklinga, rúmlega 4.800 legsteinamyndir, 162 kirkjugarða, 119 manns sem höfðu druknað og tæplega 760 andlitsmyndir. Fólk getur smellt á slóð varðandi vissan kirkjugarð og þá birtast myndir af öllum leiðum sem þar eru. Þá geta áhugasamir til dæmis valið flokkinn „ljósmæður“ og fá þá lista með nöfnum ljósmæðra sem hvíla í ýmsum kirkjugörðum og í

sumum tilfellum fylgir með mynd af viðkomandi. Það sama má segja um kennara, vélstjóra, búfræðinga og lögreglumenn og ætlunin er að hægt verði að finna fleiri starfsflokka í framtíðinni.

Rakel Bára hefur líka skráð myndir af legsteinum á leiðum Vestur-Íslendinga í Kanada sem og Íslendingum sem eru jarðaðir í Danmörku. „Sífellt fleiri fara í DNA-próf og vilja vita um uppruna sinn. Ég er í mörgum ættfræðigrúppum á netinu tengdum Íslendingaslóðum í Kanada þar sem fólk er að leita að uppruna sínum og mörgum finnst vera ótrúlegt hvað við Íslendingar búum yfir mikilli vitneskju miðað við aðrar þjóðir en við erum náttúrlega með ættfræðina í blóðinu.“

Æviverkefni

Rakel Bára segir að hún sjái síðuna fyrir sér sem æviverkefni þar sem það taki hana svo langan tíma að skrá hvern kirkjugarð. „Mig langar til að taka alla heimagrafreiti með. Draumurinn væri að geta skráð alla kirkjugarða á Íslandi en það á eftir að taka dágóða stund. Ég hef spáð í hvort ég eigi að taka fleiri með mér í þetta en ég er þínu hrædd við það. Þegar maður gerir allt sjálfur veit maður hvernig hlutirnir eru og ég er kannski þínu sérvitur um það hvernig það á að gera hlutina. Ég hugsa að það tæki líka dálítinn tíma að setja einhverja aðra inn í þetta og í rauninni liggur ekkert á þannig lagað. Ég sé þetta fyrir mér sem hobbiið mitt það sem eftir er.“

„Ég held að það gefi mér einhverja ákveðna gleði þegar ég lýk við að skrá einhvern kirkjugarð, vitandi að ég hef gert mitt til að varðveita upplýsingar um fólk sem hvílir þar. En því miður er í sumum tilfellum illa hugsað um leiði auk þess sem margir kirkjugarðar eru í niðurniðslu sem mér finnst alltaf sorglegt að sjá, vitandi að þar hvílir fólk sem var mikilvægt einhverjum áður fyrr. Ég vil ekki að fólk gleymist, ég vil halda minningunni lifandi sama hvenær fólkíð lifði.“

www.uth.is
uth@uth.is

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNAFJARÐAR

Stapahrauni 5, Hfj.
Sími 565-9775



Frímann
s: 897-2468



Hálfán
s: 898-5765



Ólöf
s: 898-3075



Sögusvæðið verður við enda bílastæðis framan við Valþjófsstaðarkirkju.

Ljósni. HG.

Saga Valþjófsstaðar sett á svið í sumar

Á komandi sumri verður saga kirkjustaðarins Valþjófsstaðar sviðsett þar úti við, fast vestan við núverandi kirkjugarð og rétt norðan bílastæðisins við inngang í kirkjuna. Við gerð skipulags á umhverfi kirkju og kirkjugarðs árið 1997 var gert ráð fyrir söguskilti, en ekki varð úr framkvæmd.

Á árinu 2019 hóf Hjörleifur Guttormsson, náttúrufræðingur og áhugamaður um sögu og minjar, að kanna í samvinnu við heimamenn og Guðmund Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs hvort ekki mætti útbúa þarna sérstakt sögusvæði til kynningar á staðnum. Tók Hjörleifur saman hnitmiðaðan texta og myndefni um sögu staðarins og leitaði eftir styrk frá Fljótsdalshreppi til framkvæmdarinnar. Veitti sveitarstjórn rausnarlegan styrk til verksins á fjárhagsáætlun ársins 2020 sem dugar til að útbúa svæðið á þessu ári. Kirkjugarðasjóður mun leggja til og kosta gerð söguskiltanna og mun framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs hafa eftirlit og umsjón með framkvæmdunum. Hefur verið samið við Birgi Axelsson skrúðgarðyrkjumeistara að sjá um undirstöður fyrir söguskiltin og frágang svæðisins.

Miklar tilfærslur hafa orðið á byggingum prestseturs og kirkna á Valþjófsstað á liðinni tíð, en þar stóð m.a.



Uppdráttur sem sýnir í aðalatriðum fyrirkomulag sögusvæðisins.

sögufrægur skáli og stafkirkja hátt í 6 aldir og neðan við var kirkjugarður sem aflagður var árið 1906. Gerð var í fyrravor sérstök rannsókn með jarðsjá sem leiddi í ljós útlínur gamla kirkjugarðsins. Varðveist hafa þrjú minningarmörk sem komin eru úr þessum forna kirkjugarði og verður þeim komið fyrir á sögusvæðinu. – Stefnt er að því að ljúka verkinu í ár þannig að unnt verði að opna sögusvæðið fyrir gesti og gangandi vorið 2021.



Malarstígar eru í eldri hluta garðsins og segir Jón að áætlunin sé að helluleggja eða malbika þá þegar það verður gert í nýja hlutanum.

Miklar endurbætur á Útskálakirkjugarði


Miklar endurbætur hafa staðið yfir í Útskálakirkjugarði á undanförunum árum. Garðurinn hefur verið stækkaður til muna og fram undan er meðal annars malbikun göngustiga. Þá var Útskálakirkja gerð upp en þar er að finna margt fallegra og merkra muna.

Útskála er fyrst getið í kringum 1200 og voru Útskálur eitt mesta höfuðból á Suðurnesjum. Talið er að kirkja hafi verið þar frá þeim tíma en hennar er fyrst getið í kirkjaskrá Páls biskups frá um 1200. Nokkrar kirkjur hafa verið byggðar á staðnum í gegnum aldirnar. Kirkjan sem nú stendur þar var fullkláruð árið 1863 en miðað er þó við árið þegar byrjað var að byggja hana sem var árið 1861. Kirkjugarður hefur verið á staðnum í aldir en elsti legsteinninn í garðinum í dag er líklega frá því um 1600. Hluti af sögu kirkjugarðsins tengist sjóslysi í mars árið 1685 þegar 136 manns fórust og rak 47 lík á land í

Garðinum. 42 voru lagðir í sameiginlega gröf sem fannst síðar undir altari kirkjunnar.

Tæplega hálfnuð

Farið var að stækka garðinn í austur og í átt að sjónum í kringum 1990. „Það var bætt við plássí fyrir um 70 leiði á þeim tíma,“ segir Jón Hjálmarsson, formaður sóknarnefndar. „Garðurinn var síðar stækkaður til suðurs og bættist þá við plássí fyrir 25 leiði. Það eru einhver stæði frátekin og við eigum orðið lítið eftir af þeim sem eru ekki frátekin og þess vegna er núna verið að stækka garðinn verulega. Það er stækkun sem mun duga í áratugi og erum við tæplega hálfnuð með það verk. Við gerum ráð fyrir að verkið verði búið eftir fjögur til fimm ár. Sveitarfélagið hjálpar okkur og vinnur mest allt verkið og eins hvað varðar umhverfi garðsins og bilastæði og aðgengi.“



Næsta skref í framkvæmdinni er kirkjutorg fyrir framán Útskálakirkju en það mun tengja betur saman kirkjuna, kirkjugarðinn, prestssetrið og bílastæðið.

Steypt eða hellulagt

Steyptur veggur liggur með fram hluta kirkjugarðsins. „Það kom tillaga frá Kirkjugarðaráði um að taka þennan steinvegg og hlaða vegg í staðinn en áður fyrr var hlaðinn veggur. Við erum tilbúin í það ef við fáum pening; við höfum annars ekki efni á því. Það er rosalega dýr framkvæmd og er ekki alveg í deiglu einu og er. Það þarf allavega að fara að mála vegginn og við höfum látið gera það reglulega.“ Ákveðið hefur verið að fjarlægja steiptan vegg sem stendur nú á milli eldra og nýja hluta garðsins.

Malarstígar eru í eldri hluta garðsins og segir Jón að áætlunin sé að helluleggja eða malbika þá þegar það verður gert í nýja hlutanum. „Það er líka verið að laga bílastæðið og umhverfið í kring. Það er malarplan núna og verður það væntanlega hellulagt í sumar. Það er því verið að lagfæra umhverfið mikið um þessar mundir og á næstu árum.“

Fjöldagröf undir altarinu

Eins og þegar hefur komið fram er talið að kirkja hafi staðið á Útskálum frá 13. öld og nokkrar verið byggðar á sama stað í gegnum aldirnar. Kirkjan sem stendur núna á Útskálum er timburhús á hlöðnum grunni. Hún er með sönglofti, forkirkju og turni.

Jón segir að eftir því sem heimildir segja sé tvisvar búið að stækka kirkjuna sem nú stendur. Hann segir að forkirkjan hafi árið 1975 verið breikkuð og stækkuð og sett salerni, skrudhús og geymsla. „Hleðslan var farin að gefa sig, veggirnir farnir að gliðna þannig að hún var orðin svoltið bólgin út, turninn var farinn að halla og gólfíð var orðið dapurt þannig að þetta var mikil framkvæmd,“ segir Jón en byrjað var að gera kirkjuna upp árið 2003 og segir hann það hafa verið gert í samráði við Húsfriðunarsamtökin sem nú heita Fornleifastofnun.



Framkvæmdum við stækkun Útskálakirkjugarðs lýkur á næstu fjórum til fimm árum.

„Það var allt rífið innan úr kirkjunni. Þegar gólfið var tekið upp komu í ljós grafir undir kirkjunni. Það var fjöldagröf undir altarinu. Þar var fullt af beinum sem fóru í rannsókn hjá Fornleifastofnun.“

Steypt var undir veggina og sett nýtt gólf. „Það tók á þriðja ár að klára þetta en þetta var tekið í áföngum.“ Bekkjarskipan var breytt og nýir bekkir smíðaðir sem eru eftirlíkingar bekkjanna sem voru í kirkjunni upphaflega. Kirkjan tekur nú um 150 manns í sæti auk þess sem bætt er við stólum í fjölmennari athöfnun.

Jón segir að þegar verið var að gera prestssetrið upp hafi farið fram fornleifarannsókn og hafi fundist mannvistarleifar svo sem hárkambur sem er talinn vera frá því um 1200.

Merkir gripir

Margir fallegir gripir eru í Útskálakirkju og er sá elsti þeirra tinkanna frá 1775 með áletrun á dönsku. Predikunarstóllinn var keyptur árið 1886 en hann hafði verið í dómkirkjunni í Reykjavík. Altaristaflan er olíumálverk í gylltum ramma – boðun Maríu. Séra Sigurður Sívertsen gaf kirkjunni altaristöfluna árið 1878 en hann þjónaði Útskálum á þeim tíma. Útskorinn skírnarfontur er í kirkjunni sem hún fékk að gjöf í kringum 1950. Þá er í kirkjunni gipsafsteypa af kristsmýnd Thorvaldsens.

Þrjár koparklukkur eru í turni kirkjunnar. „Það er talið að ein hafi komið í kirkjuna árið 1886. Á annarri er ártalið 1765 og á þeirri þriðju er ártalið 1740. Engin áletrun er á yngstu klukkunni.“ Á þeirri sem er frá 1765 er áletrunin SOLI DEO GLORIA * ME FECIT * T * M * C * TROSCHELL. Á klukkunni frá 1740 er áletrunin GLORIA IN EXECLSO ANNO 1740.

Áhersla á bættu aðkomu gesta

segir Áslaug Traustadóttir,
landslagsarkitekt hjá Landmótun

Þær framkvæmdir sem unnar hafa verið á síðustu árum hafa snúist um að gera aðkomu gesta þægilegri og skipuleggja stækkun kirkjugarðsins. Aðkoma akandi kirkjugesta var færð fjær gamla prestsetrinu að nýju bilastæði en um leið var svæðið gert aðgengilegra öllum með upplýstum gönguleiðum og betri afmörkun. Stækkun kirkjugarðsins í vestur er nú vel á veg komin og skýrar línur hans farnar að taka á sig mynd. Í þessum áfanga er meðal annars gert ráð fyrir duftgrafareit. Næsta skref í framkvæmd er kirkjutorg fyrir framan Útskálakirkju. Kirkjutorgið mun tengja betur saman kirkjuna, kirkjugarðinn, prestssetrið og bilastæðið. Torgið verður með vönduðu yfirborði og er ætlað að gefa athöfnum Útskálakirkju hátíðlegan ramma um leið og það býður gesti velkomna á þennan fallega stað.“

Jakobína Sigurðardóttir (1918-1994)

Í Skútustaðakirkjugarði í Mývatnssveit hvílir skáldkonan Jakobína Sigurðardóttir og á leiði hennar er fallett minningarmark; steinn af æskustöðvum hennar úr Hælavíkurfjöru sem hvílir á undirstöðu sem minnir á stafla af bókum eftir Guðlaug Jón Bjarnason myndlistarmann.



Á síðasta ári kom út bókin *Jakobína – saga skálds og konu*.

Jakobína fæddist í Hælavík í Sléttuhreppi í Norður-Ísa-fjarðarsýslu og ólst upp þar fram á unglingsár. Árið 1949 fluttist hún að Garði í

Mývatnssveit, þar sem hún síðan var húsfreyja. Eiginmaður hennar var Þórgímur Starri Björgvinsson, bóndi í Garði. Jakobína var með þekktustu rithöfundum landsins á sinni tíð en eftir hana liggja fjórar skáldsögur, þrjú smásagnasöfn, ævintýri, kvæðabók og endurminningabók. Jakobína var tvisvar tilnefnd fyrir Íslands hönd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs, 1967 og 1976. Árið 1989 ákvað Alþingi að setja Jakobínu í heiðurslaunaflokk listamannalauna. Bækur Jakobínu hafa verið þýddar og gefnar út á dönsku, sænsku og rússnesku.

Jakobína hóf feril sinn sem ljóðskáld en kvæði hennar, sem mörg hver voru ádeilukvæði gegn hersetu og erlendum her, birtust í tímaritum á 6. áratugnum og komu út í ljóðabókinni *Kvæði* árið 1960. Árið áður gaf Jakobína út sína fyrstu sögu, *Söguna af Snæbjörtu Eldsdóttur og Ketilríði kotungsdóttur* (1959), en þótt þá bók sé að finna í barnadeildum bókasafna er hún í raun pólitísk ádeila í formi ævintýris og að því leyti beint framhald ádeilukvæðanna. Jakobína vakti fyrst athygli sem sagnahöfundur með smásagnasafninu *Púunktur á skökkum stað* (1964) og skáldsögunni *Dægurvisu* (1965). Í kjölfarið fylgdu skáldsögurnar *Snaran* (1968), *Lifandi vatnið* (1974) og *Í sama klefa* (1981), smásagnasöfnin *Sjö vindur gráar* (1970) og *Vegurinn upp á fjallið* (1990). Síðustu bók sína lauk Jakobína við á dánarbeiði en það var endurminningabókin *Í barndómi* (1994).

Á síðasta ári kom út bókin *Jakobína – saga skálds og konu* eftir dóttur skáldsins, Sigríði Kristínu Þórgrímsdóttur sagnfæðing. Bókin veitir dýrmæta innsýn í líf Jakobínu og varpar nýju ljósi á verk hennar.



Jakobína Sigurðardóttir skáldkona hvílir í kirkjugarðinum að Skútustöðum í Mývatnssveit.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

		
Kristín Ingólfssdóttir	Sverrir Einarsson	Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.uttforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.uttforarstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Tengigjaldið rennur til góðra málefna

Sigurður Ingvarsson, rafverktaki í Garði, og eiginkona hans, Kristín Erla Guðmundsdóttir, misstu son sinn, Sigurð, þegar hann var 15 ára gamall árið 1985 og hvílir hann í Útskálakirkjugarði. Þau Sigurður og Kristín Erla hafa haldið minningu sonar síns á lofti meðal annars með því að Sigurður hefur í mörg ár séð um að tengja ljósakrossa í kirkjugarðinum fyrir jólin og gjaldið sem hefur verið tekið fyrir þá þjónustu hefur verið notað til góðra málefna og að mestu leyti í þágu barna.

Sigurður Sigurðsson var 15 ára þegar hann lést á heimili sínu í desember árið 1985. „Hann var þroskaheftur og ekki heilsuhaustur. Hann var oft á sjúkrahúsum og var þetta erfitt, sérstaklega fyrstu árin,“ segir móðir hans,



Sigurður heitinn Sigurðsson sem lést 15 ára gamall. Foreldrar hans hafa haldið minningu hans á lofti meðal annars með því að faðir hans hefur í mörg ár séð um að tengja ljósakrossa í kirkjugarðinum fyrir jólin.

Kristín Erla Guðmundsdóttir. „Hann var bráðkvaddur heima í desember árið 1985.“

Sigurður hvílir í Útskálakirkjugarði en fjölskyldan hefur alla tíð búið í Garði. Legsteinninn á leiðinu hans er úr íslensku blágrýti og á honum stendur: Sigurður Sigurðsson. Fæddur 4.10. 1970. Dáinn 22.12. 1985. Minning þín er ljós í lífi okkar. – Fyrir utan Sigurð eiga hjónin tvær dætur, Halldóru Jónu og Guðlaugu Helgu.

Í þágu barna

Sigurður Ingvarsson, faðir Sigurðar heitins, er rafverktaki og hefur hann ásamt eiginkonu sinni, Kristínu Erlu, rekið rafverktakafyrirtækið SI raflagnir í 51 ár. Fyrirtækið er



Mynd af hjónunum Sigurði Ingvarssyni og Kristínu Erlu Guðmundsdóttur með dætrum og tengdasonum í fagnaði sem haldinn var í tilefni af 50 ára afmæli SI raflagna í október 2019.



Húsnæði SI raflagna.

orðið fjölskyldufyrirtæki og er einnig rekið af dætrunum og tengdasonunum. Sigurður segist hafa verið fyrsti rafverktakinn í Garðinum.

„Ég var búinn að tengja ljósakrossa fyrir hver jól í mörg ár og hafði fólk alltaf borgað tengigjald fyrir krossana við hvert leiði. Við hjónin og fjölskyldan ákváðum síðan fyrir um 20 árum að láta tengigjöldin renna til góðra málefna í minningu sonar og bróður,“ segir Sigurður.

„Við höfum viljað hafa það eitthvað í þágu barna,“ segir Kristín Erla. „Það hafa hin ýmsu félagsamtök notið góðs af þessu, annaðhvort í formi þess að við höfum keypt eitthvað sem hefur vantað kannski á einhver heimili eða dagvist og svo höfum við líka styrkt einstaklinga sem

Vetrarsól er umboðsaðili



Sláttuvélar
& sláttuorf



Snjóblásarar



Gulltryggð gæði



Sláttutraktorar

40 ár
á Íslandi

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

VETRARSÓL



Útskálakirkja og kirkjugarðurinn.

Ljós. Hilmar Bragi Bárðarson.

hafa átt í erfiðleikum. Við höfum til dæmis aðallega styrkt Proskahjálpi á Suðurnesjum varðandi dagvistina þar og svo höfum við gefið fé til íþróttafélagsins Ness þar sem þroskaheftir einstaklingar æfa. Við höfum auk þess gefið tæki svo sem skjávarpa til hæfingarstöðvar sem er uppi á Ásbrú. Við styrktum einu sinni Barnaspítala Hringsins sem fékk nokkra iPad, Félag krabbameinssjúkra barna fékk peningagjöf, fæðingardeild Sjúkrahússins í Keflavík fékk tvö sjónvörp og við höfum líka styrkt Félag heynarlausra. Við höfum líka styrkt fjölskyldur og heimili í okkar samfélagi.“

Æ fleiri hafa undanfarin ár keypt sína eigin rafhlöðukrossa í stað þess að tengja sína ljósakrossa við búnað fyrirtækisins sem á allan búnað sem þarf til að tengja ljósakrossa fyrir þá sem vilja slíka krossa. „Það þarf náttúrliga ekkert að borga tengigjald fyrir rafhlöðukrossana en þó nokkuð margir sem eiga slíka krossa borga samt enn tengigjöldin og þar með í þennan sjóð bara af þeir að þeir vita að féð rennur til góðs málefnis.“

Gefur þeim mikið

Sigurður segir að það hafi gefið sér mikið að geta hjálpað öðrum á þennan hátt. „Maður hefur þá trú að ef maður gefi eitthvað af sér þá fái maður það til baka. Og við höfum getað þetta þannig að það hefur ekki verið nema til ánægju að geta átt þátt í að hjálpa öðrum. Og það er mikið þakklæti sem við fáum.“

Kristín Erla segist vera þakklát fólki fyrir að taka þátt í þessu með þeim hjónum. „Maður hefur aldrei heyrt að fólki þyki tengigjöldin vera dýr. Við fylgjumst kannski meira með samfélaginu en ella.“

„Ég var lengi í hreppsnefndinni,“ segir Sigurður og naut alltaf trausts hjá fólki að mér fannst og finnst og maður er að reyna að borga eitthvað til baka.“

„Það er líka gott að takast á við sorgina og missinn á þennan hátt,“ segir Kristín Erla. „Það er von okkar að við berum gæfu til þess að geta stutt við samfélagið okkar áfram.“



Útför er með nákvæmlega sama hætti hvort sem um bálför eða jarðarför er að ræða. Kista við glerlistaverkið Píslargangan eftir Leif Breiðfjörð í Fossvogskapellu. Ljós. Kristján Magnússon.

Bálför – jarðarför

Tekið skal fram, áður en líkbrennslu er lýst, að útförin er með nákvæmlega sama hætti hvort sem um bálför er að ræða eða jarðarför. Reyndar er það sem gerist við líkbrennslu ekki í eðli sínu frábrugðið því sem gerist er líkami er grafinn í jörð. Sömu efnahvörfin eiga sér stað, munurinn liggur aðeins í því að upptaka súrefnis, þ.e.a.s. bruninn, er miklu hraðari við líkbrennslu heldur en við rotnun líkamans í jarðveginum.

Hefðbundin útför

Við bálför er kista hins látna sett inn í líkbrennsluofn og þar tendrast hún eldi vegna hins háa hita í ofninum og brennur af eigin orku trjáviðarins. Kista og líkami breytast í ösku á um það bil tveimur klukkustundum. Þegar bruna lýkur er askan sett í sérstaklega merkt duftker og því lokað. Þegar bálför er gerð fer fram nákvæm skráning og er hinn látni tilgreindur í dagbókum Bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem er eina bálstofa landsins.

Eins og áður sagði er bálför í engu frábrugðin venjulegri útför nema að því leyti að kistan er ekki borin til grafar. Aðrir þættir, eins og kistulagning og útfararathöfn í kirkju, eru með venjubundnum hætti. Aðstandendur fá uppgafið á hvaða degi líkbrennsla fer fram og er þá hægara um vik að ákveða jarðsetningardag duftkers.

Þegar bruni er afstaðinn er askan varðveitt í duftkeri og ákveða aðstandendur hvenær duftkerið er grafið í samráði við útfararstofu, þó eigi síðar en ári eftir bálför. Oft er prestur kvaddur til þegar duftker er jarðsett og flytur hann þá bæn og blessunarorð við gröfina.

Bálför hagkvæmur kostur

Grafarstæði fyrir kistu krefst sex sinnum meira landrýmis en duftgröf. Af þessu leiðir að frá sjónarmiði landnotkunar og viðhalds kirkjugarða eru bálfarir mjög hagkvæmur kostur. Ekki þarf að gera eins miklar kröfur til grafardýpis, grunnvatnstöðu og frárennslisaðstæðna í grafreitum fyrir duftker eins og í hefðbundnum grafreitum og eru þetta allt atriði sem gera duftgarða að ódýrum kosti miðað við kirkjugarða þar sem kistur eru jarðsettar.

Þar sem verulegur hluti íbúa velur bálför umfram jarðsetningu í kistu opnast möguleikar til þess að taka aftur grafir í gömlum kirkjugörðum sem fullsettir hafa verið. Jafnvel er hægt að taka aftur í notkun fjölskyldu-grafreiti og nýta þá kynslóð eftir kynslóð. Vert er að hafa í huga að gamlir kirkjugarðar eru oft á tíðum með fegurstu og friðsælustu stöðum í bæjum og það hefur sitt gildi fyrir viðhald garðanna og fegurð að þeir séu nýttir áfram. Talsvert er um að duftker séu lögð í leiði í kirkjugörðum og er ekkert því til fyrirstöðu ef fyrir hendi er leyfi vandamanna. Þess má geta að hægt er að dreifa ösku á sérstakan reit í Fossvogskirkjugarði (dreifilund) þar sem ekki eru sett upp minningarmörk.

Af hálfu íslensku þjóðkirkjunnar hefur því ekki verið haldið fram að bálför stríði gegn kristinni trú. Bálför er eins og jarðarför meðhöndlun á líkamanum eftir andlát. Hún snýst hvorki um trú né kenningu. Það má hins vegar halda því fram að bálför viki frá eldri kirkjulegri venju. En þá er þess að gæta að venjur og siðir innan kirkjunnar hafa síður en svo verið óbreytanlegir í aldanna rás.

Úr bæklingi um bálfarir – Kirkjugarðar Reykjavíkur.

Eins og ein stór og falleg fjölskylda

Texti og myndir: Svava Jónsdóttir



„Eftir að ég hætti að vinna fór ég að kynna mér teiknun og útskurð, náði mér í áhöld og fór á námskeið sem haldið var á vegum Félags eldri borgara á Suðurnesjum. Það var upphafið að þessu,“ segir Ólafur Þorgils um listköpun sína.

Ólafur Þorgils Guðmundsson er á meðal stofnfélaga Kirkjugarðasambands Íslands og var skoðunarmaður reikninga í 16 ár. Hann var gerður að heiðursfélaga sambandsins árið 2014. „Það að ég skyldi vera gerður að heiðursfélaga, sýnir að það, sem maður gerði í þágu félagsins hafi verið vel metið.“

Ólafur Þorgils Guðmundsson segir að foreldrar sínir hafi ekki verið kirkjurækið fólk. „Þegar maður vitkaðist fór maður að pæla og skoða meira í kringum kirkjulegt starf sem smitaðist af tengdaforeldrum mínum sem voru sérlega kirkjurækin hjón. Þetta viðhorf mitt jókst sem endaði með því að ég var kosinn í sóknarnefnd Ytri-Njarðvíkirkirkju eftir vígslu kirkjunnar. Fljótlega eftir það var ég valinn fulltrúi Ytri-Njarðvíkursóknar í nýkjörna sameiginlega stjórn Njarðvíkursóknar með rekstur kirkjugarðs þeirra. Ég starfaði sem gjaldkeri stjórnar garðsins í um 30 ár og einnig helming þess tíma sem kirkjugarðsvörður og sá um allar nýframkvæmdir um stækkun og umgjörð garðsins ásamt öllum venjulegum rekstri sem felst í slætti garðsins, staðsetningu leiða, grafartöku og skráningu. Einnig var það venja mín að hafa samband við aðstandendur látinna og kynna þeim grafarstæði en valkostir voru yfirleitt fleiri en einn. Sem umsjónarmaður garðsins gerði ég mitt ýtrasta til að hafa garðinn til fyrirmyndar í umhirdu allt árið um kring eins og reglugerðir gera ráð fyrir.“

Kirkjugarðasambandið stofnað

Þórsteinn Ragnarsson kom til starfa sem forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í ársbyrjun 1995 og fann hann fyrir ákveðinni einangrun þegar málefni kirkjugarða voru annars vegar. Misjafnlega aðkallandi sameiginleg verkefni voru fyrirbyggjandi á þeim vettvangi en engin samstaða var fyrir hendi milli forsvarsmanna kirkjugarða og engar samræmdar aðgerðir voru til staðar. Þessi brýnu verkefni sem vantaði voru á sviði fjármála, sameiginleg verkefni á sviði faglegra mála er varða þróun og umhirdu kirkjugarða og síðast en ekki síst sameiginleg mál á sviði minjaverndar.

Þórsteinn hafði samband við nokkra stjórnarmenn hjá kirkjugörðum víðs vegar um landið og sama tilfinning var í brjóstum flestra sem rætt var við - að stofna þyrfti samband sem hefði þau markmið að efla samstarf starfsmanna og stjórna kirkjugarða, að gæta hagsmuna kirkjugarða á sviði fjármála gagnvart stjórnvöldum og að gangast fyrir upplýsingastarfsemi í þágu kirkjugarða í því skyni að miðla hagnýtum upplýsingum á milli þeirra og ná fram hagkvæmni í rekstri og betri þjónustu.

Þegar ljóst var að almennur áhugi var fyrir hendi var í júní árið 1995 haldinn undirbúningsfundur á Akureyri að stofnun kirkjugarðasambands og mættu fulltrúar 20 kirkjugarða. Kirkjugarðasamband Íslands var síðan stofnað í desember sama ár og voru stofnfélagar 22

LÍKKISTUR – HVÍTAR OG SPÓNLAGÐAR



Stígandi framleiðir vandaðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar í þeirri viðartegund sem kaupandi óskar eftir.

Stígandi framleiðir vandaðar líkkistur, bæði hvítar og spónlagðar í þeirri viðartegund sem kaupandi óskar eftir.

Sendum hvert á land sem er.



TRÉSMÍÐJAN STÍGANDI
/FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

Húnabraut 29 - 540 Blönduósi - Sími 452 4123
gummi@stigandihf.is - www.stigandihf.is

talsins og þar á meðal Ólafur Þorgils sem fulltrúi Ytri-Njarðvíkurkirkju. Hann var jafnframt einn af talsmönnum sambandsins á Suðurnesjum.

Skoðunarmaður reikninga

Ólafur Þorgils mætti nánast á alla aðalfundi Kirkjugarðasambandsins frá upphafi. Hann var annar tveggja skoðunarmanna reikninga í 16 ár, á árunum 1997-2013, eða þangað til hann var 75 ára.

„Við fengum alltaf sendar skýrslur frá stjórn Kirkjugarðasambandsins um hvað hefði gerst það árið. Þetta voru meðal annars leiðbeiningar um hvernig ætti að sjá um kirkjugarða og annað; hvernig ætti að nota fjármagnid sem best við rekstur garðsins. Svo var alltaf fundur einu sinni á ári þar sem fulltrúar þeirra sókna sem voru í sambandinu komu saman.“

Ólafur Þorgils vann sem málameistari í áratugi. „Í þeirri vinnu þurfti maður náttúrliga að kynna bókhalda og bókhalda lærði maður í Iðnskólanum. Maður rekur ekki fyrirtæki nema að hafa smávit á bókfærslu. Tveir fulltrúar frá aðildarsóknum Kirkjugarðasambandsins eru valdir á aðalfundi sem skoðunarmenn reikninga sambandsins og var ég ásamt öðrum öðlingsmanni falið það verkefni að fara yfir reikningsskil stjórnar og afgreiða þau til aðalfundar til undirritunar.“

Tekið það besta frá öllum

Ólafur Þorgils segir að þegar Kirkjugarðasambandið hafi verið stofnað hafi verið ákveðið að aðalfundir þess yrðu ekki alltaf haldnir í Reykjavík heldur víða um land. „Það var passað upp á að þeir sem voru úti á landi þyrftu ekki alltaf að koma til Reykjavíkur. Við fórum til þeirra líka.“

Þessir fundir voru mjög fræðandi og góðir. Þá voru kirkjugarðarnir yfirleitt skoðaðir á þeim stöðum þar sem fundirnir voru haldnir og þá gat maður borið saman hvernig maður vann þetta og hvernig aðrir unnu og tekið það besta sem allir gerðu.

Það var mjög svo fræðandi að koma svona saman. Þarna endurnýjaði maður kunningsskap en þetta voru yfirleitt sömu fulltrúarnir sem mættu á fundi ár hvert. Það skapaðist mjög góður hópur í kringum þetta og menn spjölluðu mikið saman og ráðfærðu sig við hvern annan um hvernig best væri að nýta þetta fjármagn sem maður fékk til rekstursins og hvernig þetta allt nýttist best. Þetta var þannig að menn töluðu og það sem þeir sögðu kom frá hjartanu. Það var enginn að miklast yfir sínum garði. Hver og einn fór yfir sín mál og benti öðrum á hvernig hann gerði og svo koll af kolli. Svo var tekið það besta frá öllum. Maður lærði mikið af þessum aðalfundum.



Ólafur Þorgils Guðmundsson ásamt eiginkonu sinni, Guðlaugu Bárðardóttur. „Öll trúnaðarstörf eru ábyrgðarstörf og maður reynir náttúrliga að gera þau eftir bestu samvisku og að vera valinn til trúnaðarstarfa þá leggur maður sig allan fram til að gera sitt framlag hundrað prósent þannig að sómi sé að.“



Útskornir fuglar eftir Ólaf Þorgils.

Siðan var líka skemmtilegt að konurnar komu með okkur en frá hverjum garði komu kannski tveir fulltrúar og svo voru makarnir með. Það myndaðist líka kunningsskapur á milli þeirra. Þetta var orðið eins og ein stór og falleg fjölskylda.“

Ólafur Þorgils var gerður að heiðursfélaga Kirkjugarðasambandsins á aðalfundi þess vorið 2014. Ástæðan var sú að hann þótti ávallt hafa sýnt málefnum sambandsins mikinn áhuga og tók að sér ábyrgðarstörf innan þess sem skoðunarmaður reikninga.

„Það að ég skyldi vera gerður að heiðursfélaga, sýnir að það, sem maður gerði í þágu félagsins hafi verið vel metið. Öll trúnaðarstörf eru ábyrgðarstörf og maður reynir náttúrulega að gera þau eftir bestu samvisku og að vera valinn til trúnaðarstarfa þá leggur maður sig allan fram til að gera sitt framlag 100% þannig að sómi sé að.“

Listaverk úr tré

Ólafur Þorgils vann árum saman hjá Varnarliðinu og segir að þegar það yfirgaf landið þá hafi hann verið 67 ára gamall og kominn á eftirlaunaaldur. „Það kom upp í hugann hvað maður ætti að gera; maður gæti ekki bara setið heima í stólnum og horft á konuna elda matinn. Ég fór að velta fyrir mér hvað ég ætti að gera og á hverju ég hefði áhuga. Ég fór að kynna mér teiknun og útskurð, náði mér í áhöld og fór á námskeið sem haldið var á vegum Félags eldri borgara á Suðurnesjum. Það var upphafið að þessu,“ segir Ólafur Þorgils sem hefur á undanförunum árum skorið út fjölda listaverka svo sem

klukkur, íslensk og ensk félagsmerki og fugla. „Öll handavinna hefur legið svolítið létt fyrir mér. Ég náði þessu fljótlega og svo hefur þetta alltaf þróast meira og meira,“ segir Ólafur Þorgils sem er með Facebook-síðu, Tréútskurður – ensk og íslensk félagsmerki, og selur listaverkin sín.

Studdi mann sinn

Eiginkona Ólafs Þorgilssonar er Guðlaug Bárðardóttir. Hún aðstoðaði mann sinn í gegnum tíðina svo sem við að svara símanum og taka skilaboð þegar hann var kirkjugarðsvörður og fólk tilkynnti dauðsfall og jarða þurfti í garðinum í Innri-Njarðvík.

Svo fór hún með honum þegar aðalfundir Kirkjugarðasambandsins voru haldnir úti á landi.

„Það var alltaf eitthvað prógramm þegar þingið var haldið. Þetta var aldrei á sama stað tvö ár í röð. Það var farið með okkur makana í skoðunarferðir.

Guðlaug segir að hún hafi verið mjög jákvæð gagnvart þessum störfum mannsins síns hjá kirkjunni í Innri-Njarðvík og hjá Kirkjugarðasambandinu. „Hann gerði góða hluti og maður heyrði aldrei neitt annað en að fólk væri mjög ánægt með hann. Mér fannst þetta allt vera jákvætt. Ég reyndi að létta undir ef ég gat það þegar hann var kirkjugarðsvörður. Svo hitti maður yfirleitt sama fólkið í tengslum við aðalfundina sem haldnir voru einu sinni á ári. Mér fannst þetta bara allt vera mjög gott.“



Gróska. Aðalfundurinn var haldinn í Hallormsstaðarskógi við Lagarfljót.

Aðalfundur KGSÍ 2019

Vor í Hallormsstaðaskógi

Tuttugasti og fjórði aðalfundur KGSÍ var haldinn á Hótel Hallormsstað dagana 8. og 9. júní 2019. Fundinn sóttu 44 fundarmenn og með mökum og var fjöldinn um 70 manns. Góð stemning var á fundinum og þar voru haldin fjölbreytt erindi:

- Arnfinnur R. Einarsson, tölvumaður hjá KGSÍ fór yfir helstu þætti nýs skráningarkerfis KGSÍ.
- Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs fór yfir framkvæmdir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi.
- Stjórn KGSÍ gerði grein fyrir því átaki sem farið var í á síðasta ári og varðar fjármál kirkjugarða.
- Þórhallur Pálsson, sóknarnefndarformaður og arkitekt sagði frá framkvæmdum við kirkjugarðinn á Eiðum.
- Kristján Linnet, garðyrkjumaður hjá KGRP sagði frá þróun sem nýlega er hafin innan kirkjugarða og varðar notkun rafmagnsverkfæra í kirkjugörðum.
- Sigurgeir Skúlason, landfræðingur og starfsmaður kirkjugarðaráðs sagði frá starfi sínu sem er m.a. að kortleggja kirkjugarða og mæla út leiði og koma því yfir á kort. Hann fór yfir vinnu sína við mælingu með GPS tæki og drónamyndum.



Höfðingjasterið Skriðuklaustur var sótt heim.

- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Skriðuklausturs flutti erindi heimamanns um menningarminjar og margmiðlun. Skúli Björn sagði frá starfsemi Gunnarsstofnunar og evrópska verkefninu Cine sem er tenging náttúru og menningarminja í umhverfi Norðurslóða sem stofnunin tekur þátt í.



Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs fór yfir framkvæmdir hjá kirkjugörðum í Austfjarðarfjórðungi.



Fulltrúar á aðalfundi KGSÍ í þungum þönkum.



Á sunnudagsmorgni var farin skógarferð undir leiðsögn Þórs Þorfinnssonar skógarvarðar.

Eftir fundinn var farin hópferð. Fyrst var farið að Valbjófsstað og kirkjan skoðuð og síðan var farið að Skriðuklaustri og þar voru minjar um hið forna Skriðuklaustur skoðaðar. „Skriðuklaustur var stofnað síðast þeirra klaustra sem störfuðu á Íslandi á kaþólskum tíma. Það var aðeins rekið í tæp 60 ár og blómaskeið þess stóð vart lengur en í fjóra áratugi,“ segir í kynningu. Síðan var sýningin í húsi skáldsins skoðuð. Í Gunnarshúsi eru fastar sýningar um rithöfundinn Gunnar Gunnarsson, líf hans og verk, og um sögu miðaldaklaustursins og fornleifarannsóknina sem fram fór 2002-2012. Síðan var og

drukkið Klausturkaffi og snúið til baka að hótelinu. Um kvöldið var snæddur góður matur á Hótel Hallormsstað og síðan var dansinn stigin. Á sunnudagsmorgni var farin skógarferð undir leiðsögn Þórs Þorfinnssonar skógarvarðar. Eftir hádegi á sunnudegi fóru aðalfundarfulltrúar og makar að tygja sig til heimferðar og kvöddust í anddyri hótelsins eftir velheppnaðan aðalfund og góða skemmtun.

– ÞR

Guðmundur Rafn Sigurðsson skrifar

Kirkjugarðar í Færeyjum



Havnardómkirkja. Turn Vesturkirkjunar í fjarska.

Í þau ár sem Bautasteinn hefur verið gefinn út er búið að fjalla um kirkjugarða víða um heim, og þá sérstaklega á Norðurlöndum. Einhverra hluta vegna hefur aldrei verið fjallað um kirkjugarða hjá frændum okkar í Færeyjum og því tími til kominn að bæta úr því. Í september s.l. dvaldi ég vikutíma í Færeyjum til að skoða kirkjugarða og kynna mér starfsemi þeirra auk þess að funda með Færeyjabiskupi, Jógvan Friðriksson og starfsfólki hans. Áður en ég hélt til Færeyja var mér bent á að hafa samband við Heri Joensen, sóknarprest í Vesturkirkjunni í Þórshöfn. Heri lærði á sínum tíma til prests á Íslandi og talar góða íslensku. Reyndist hann mér afskaplega vel og fór með mig í kirkjugarða í Þórshöfn og nágrenni á milli þess sem hann sinnti hinum ýmsu prestsverkum sínum.

Færeyjar samanstanda af 18 eyjum og eru 17 þeirra í byggð og þar búa tæplega 52 þúsund manns og eru um 80% þeirra í þjóðkirkjunni. Í Færeyjum eru 63 kirkjur og

bænahús sem flest standa í kirkjugarði. Á nokkrum stöðum tilheyrja fleiri en einn garður hverri kirkju og því má áætla að vel yfir 70 kirkjugarðar séu í Færeyjum.

Nýir kirkjugarðar standa sjaldnast við kirkjurnar en aukin fólksfjölgun í stærri bæjum, sérstaklega höfuðstaðnum Þórshöfn, kallaði á ný grafarsvæði. Kirkjugarðurinn við Havnardómkirkju þjónaði íbúum Þórhafnar fram undir aldamótin 1800 en þá var útbúinn nýr kirkjugarður rétt ofan við höfnina. Í garðinum hvíla um 5000 einstaklingar og var síðast jarðsett í hann árið 1965. Minnir hann um margt á Hólavallakirkjugarð í Reykjavík, enda eru þeir frá svipuðum tíma.

Árið 1935 var núverandi kirkjugarður í Þórshöfn tekinn í notkun. Hefur hann verið stækkaður nokkrum sinnum, nú síðast í haust, og hefur hann nægt landrými til frekari stækkunar. Að jafnaði eru kringum 160 jarðsettir þar árlega, en í heildina er búið að jarðsetja í garðinn um



Hoyvikurkirkjugarður er nýjasti kirkjugarðurinn í Færeyjum. Sr. Heri Joensen við innganginn.



Klaksvík. Nýi garðurinn sem skiptis í tvennt með breiðum akvegi. Svæðið neðan við veg tekið í notkun 1962 og svæðið ofan við veg 1987.

6500 einstaklinga. Í honum er kapella sem tekin var í notkun 1951 auk þjónustuhúss sem reist var 1980. Í því er aðstaða fyrir starfsmenn garðsins auk geymslu fyri tvo líkbíla og tæki. Í fyrri var tekinn í notkun nýr kirkjugarður í bænum Hoyvik sem liggur rétt norðaustan við Þórshöfn. Er þetta nýjasti garður Færeyja og einn af kirkjugörðum sveitarfélagsins Þórshafnar, en í því er jafnframt einn elsti garður Færeyja við Kirkjubæjarkirkju.

Staðsetning

Það sem vakti strax athygli mína við komuna til Færeyja var hið fallega samspil sem ríkir milli bygginga og umhverfis. Sama má segja um kirkjugarðana, en margir þeirra eru umluktir fallega hlöðnum grjótveggjum. Það er örugglega ekki alltaf auðvelt að finna hentugt kirkjugarðsstæði í Færeyjum enda víða ekki mikið undirlendi. Því liggja margir garðanna í talsverðum halla eins og t.d. í Klaksvík, Fuglafirði og Götu.

Stjórnun

Í Færeyjum gilda sömu lög yfir kirkjugarða og í Dan-



Kirkjubær. Elsta kirkja og líklega garður í Færeyjum.

mörku. Flestir kirkjugarðanna hafa eigin reglugerð sem sveitarfélögin setja, en í Færeyjum eru 29 sveitarfélög og sjá þau um rekstur kirkjugarðanna. Í stærri sveitarfélögum er um að ræða marga garða, eins og í tveimur af stærstu sveitarfélögnum Klaksvík og Þórshöfn sem er lang stærsta sveitarfélagið í Færeyjum með um 20 þúsund íbúa en í Klaksvík eru um 5000 íbúar. Hjá Kirkjugörðum Þórshafnar eru fimm fastráðnir starfsmenn og sjá þeir um grafartöku, snyrtingu, hreinsun og trjáklippingu garðanna auk umsjónar og aksturs tveggja líkbíla. Sjálfstætt starfandi garðyrkjuverktakar sjá um allan grasslátt yfir sumartímann og eru garðarnir slegnir að jafnaði 3-4 sinnum á sumri. Svipað fyrirkomulag er í Klaksvík nema þar er einn fastráðinn starfsmaður sem hefur umsjón með görðunum. Er hann kallaður „grafarin“ og hafa flest öll sveitarfélög sinn grafara. Í reglugerð sem sveitarfélagið Runavík hefur sett fyrir kirkjugarða sína stendur m.a.: „*grafarin hefur um hendi viðlíkahaldið af kirkjugörðunum og ábyrgð av, at alt arbeiðið í kirkjugörðunum verður gjört til litar smb. reglugerð millum gravaran og býráðið.*“

Áður fyrr tíðkaðist að jarðsett var í sama kirkjugarði í fleiri aldir. Þetta hefur breyst þar sem mörgum þykir ekki lengur rétt að endurnýta sama garðinn með tilheyrandi uppgreftri á beinum. Þegar úthlutað er grafarstæði fylgir því festa til 30 ára sem hægt er að framlengja. Í kirkjugarðalögnum er kveðið á um að endurgrafa megi í sama leiði eftir 30 ár, en það virðist yfirleitt ekki gert nema til komi beiðni frá aðstandendum. Í Klaksvík hefur verið gripið til þess ráðs til að spara pláss, að leyfa að jarðsetja tvo í sömu gröf og verður þá grafardýptin fyrir fyrri jarðsetninguna að vera a.m.k. tveir metrar.

Líkhús og bálfarir

Í Færeyjum er það heilsugæslan sem hefur með höndum rekstur líkhúsa. Á eyjunum er engin bálstofa og því litið um jarðsetningu duftkerja. Þó kemur fyrir að lík séu send til Danmerkur í brennslu og eins fá garðarnir duftker látinna burtfluttra Færeyinga og eru þau þá oft jarðsett



Nýi garðurinn í Götur.

ofan á gamlar kistugrafir ættingja eða vina. Endrum og eins koma duftker þar sem óskað er eftir að öskunni sé dreift í sjóinn. Jarðsetning duftkerja í Færeyjum er innan við 5% af heild útfara.

Legstaðaskráning

Mikil áhersla er lögð á legstaðaskráningu í Færeyjum og þó ekki sé minnisterki á leiði stendur þar yfirleitt leiðisnúmerið. Árið 2016 opnaði sveitarfélagið Þórshöfn vefinn *tk.gravir.fo* Á honum má finna legstað og grafarnúmer þúsunda einstaklinga sem jarðsettir eru í kirkjugörðum sveitarfélagsins. Hafa nú fleiri sveitarfélög tekið upp sams konar tölvuskráningu fyrir sína garða, en þessi legstaðaskráning er mjög sambærileg við það sem er hér á landi á vefnum *gardur.is*

Minningarmörk

Í kór kirkjunnar í Sandvogi má líklega finna einn elsta legstein Færeyja eða líklega réttara sagt minnisvarða. Er þetta rúnasteinn sem fannst árið 1917 og tilheyrir hann landnámsmanninum Þorkeli Önundarsyni. Á steininum stendur „*Torki Önundarson eystmaður ur Rogalandi byggðin henda stað first.*“ Í sumum görðum má sjá eldri minningarmörk og mörg þeirra líklega innflutt frá Danmörku. Fá minningarmörk finnast úr pottjárni og ekki virðist hafa verið sér færeysk hefð í gerð minningarmarka. Þó má víða sjá fallega náttúrusteina með handmeitlaðri grafskrift sem stundum hefur sögu að geyma. Var mér t.d. bent á legstein með eftirfarandi grafskrift:

Á NORÐRADALSSKARÐI
HANN VILDI LIGIÐ
FORÐAÐI BUREAUKRATIÍÐ

Hann vildi sem sagt fá að vera jarðsettur heima á bónda-bænum sínum en „bírokratíið“ leyfði það ekki, enda rakst ég hvergi á heimagrafreit í ferðinni. Nú til dags virðist talsvert af þeim legsteinum sem verða fyrir valinu vera innfluttir. Inn á milli má sjá fallega færeyska náttúrusteina sem sumir hafa verið höggðir til enda Færeyingar



Nýleg minningarmörk í kirkjugarðinum í Hósvík.



Kirkja og garður í Sandvogi. Í kór kirkjunnar er geymdur forn rúnasteinn yfir landnámsmanni.

völundarsmiðir á grjót eins og sjá má á öllum fallegu hlöðnu veggjunum sem eru út um allt.

Síðast daginn sem ég dvaldi í Færeyjum tók ég ferjuna út í Sandey til að skoða eyjuna þaðan sem Elis Poulsen, skólabróðir minn úr Garðyrkjuskóla ríkisins, var frá. Elis var fyrsti Færeyingurinn sem ég kynntist, afskaplega skemmtilegur enda kom það vel í ljós þegar hann fór að vinna hjá færeyska útvarpinu og sjónvarpinu. Við skólasystkini hans úr Garðyrkjuskólanum höfðum oft rætt um að heimsækja hann til Færeyja. Því miður varð aldrei úr því, en hann lést í fyrrasumar. Ég lét þó verða af því að heimsækja leiðið hans í kirkjugarðinum í Skopun þar sem hann fæddist og ólst upp. Á meðan ég beið eftir ferjuni til baka rölti ég um þorpið og rakst á tvo stráka að leik. Spurði ég þá hvort það væri kaffhús á staðnum. Svaraði annar því til að svo væri ekki, en að mamma hans væri heima og mundi örugglega getað gefið mér kaffi. Fannst mér þetta lýsandi dæmi um þá gestrisni og viðmót sem mætti manni alls staðar í Færeyjum og hlakka ég til að koma þangað aftur.

Endurgerð minningarmarks Jóns Magnússonar

Eitt reisulegasta minningarmarkið í Hólavallagarði er yfir Péttri biskupi Péturssyni en hann lést árið 1891. Þóra Pétursdóttir, dóttir biskups teiknaði minningarmarkið. Mörgum árum síðar eða árið 1926 lést frændi þeirra Jón Magnússon forsætisráðherra sviplega þegar hann var á yfirreið um Austurland með dönsku konungshjónunum það sumar. Á leiði Jóns var sett minningarmark sem er gert eftir sömu teikningu en þeir félagar voru bundnir fjölskylduböndum. Með árunum fór að bera á skemmdum á legsteini Jóns uns svo var komið að granítplata á steininum var tekin niður. Snarlega var brugðist við í aðdraganda 100 ára fullveldisafmælis veturinn 2018.

Nafnaplatan tekin niður

„Já, það hafði myndast sprunga í nafnaplötuna á steininum og með tímanun stækkaði hún og steinlímið umhverfis plötuna tók að molna. Þá fór platan að síga og brugðust þá starfsmenn KGRP við og tóku plötuna niður svo að hún myndi ekki falla til jarðar og eyðileggjast. Platan var þá þegar klofin í tvo hluta en svo vel vildi til að að brotið fór ekki í gegnum texta eða skreyti á plötunni. En eftir stóð minningarmarkið eins og með gapandi tóft,“ segir Heimir Björn Janusarson, umsjónarmaður Hólavallagarðs.

Heimir Björn segir í samtali við Bautastein að hann hafi í upphafi ársins 2018 vakið athygli stjórnvalda á ástandi minningarmarksins um manninn sem hafði verið forsætisráðherra þegar landið fékk fullveldi. „Þar sem Jón Magnússon átti enga afkomendur en verið forsætisráðherra er landið varð fullvalda 1918 ákvað ég að vekja athygli stjórnarráðsins, skrifstofustjóra Alþingis og Minjastofnunar á ástandi minningarmarksins en segja má að það hafi engu skilað. Alþingi svaraði ekki erindinu en stjórnarráðið og Minjastofnun vísuðu hvort á annað og bentu einnig á fullveldisafmælisnefndina 1918-2018. Það skal tekið fram að í venjulegu árferði og í gegnum söguna hafa kirkjugarðarnir sjálfir tekið svona mál í sínar hendur og gert nauðsynlegar endurbætur fyrir eigin reikning en í ljósi fjárhagslegrar stöðu KGRP var ekki möguleiki á þeirri lausn.“

Skriður kemst á málin

„Það var svo í nóvember 2018 að Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur var að gefa út bók sína „Hinir útvöldu“ í tilefni fullveldisafmælisins. Vakti ég athygli hans á ástandi minningarmarksins og fór hann í fjölmiðla og




Minningarmark Jóns Magnússonar fyrrum forsætisráðherra er orðið glæsilegt á ný.

Ljós. HBJ.

kynnti bók sína og ástand minningarmarksins um forsætisráðherrann fyrrverandi. Og það var eins og að hann hafi hitt á einhverja óskastund! Allt kerfið brást við – ég fékk símtal daginn eftir frá Minjastofnun er tilkynnti að Alþingi og stjórnarráð hefðu ákveðið að setja það fjármagn sem til þyrfti til að endurgera plötuna og ganga frá umhverfi grafreitsins. Haft var samband við steinsmið sem kom og skoðaði og mældi allt upp, starfsmaður KGRP háþrýstipvoði legsteininn og nokkrum dögum seinna mættu starfsmenn Steinkompanísins með nýja plötu og festu á hann. Hátíðarnefnd fullveldisafmælisins náði að bæta athöfn í Hólavallagarði við fullmótaða dagskrá ríkisstjórnar og Alþingis og kl. 08:00 þann 1. desember í fimbulkulda og hávaðaroki mætti ríkistjórn, forsætisnefnd Alþingis, fulltrúi Minjastofnunar ásamt háskóla- rektor og fulltrúum Stúdentaráðs og lagðir voru kransar á leiði þeirra nafna, Jóns Sigurðssonar og Jóns Magnússonar hér í garðinum. Vorið 2019 var svo lagður kantsteinn umhverfis leiðið og plantað í það þekjuplöntum. Þar með var reiturinn og minningarmarkið um Jón Magnússon komið í það stand sem því ber,“ segir Heimir Björn Janusarson að lokum.

VIÐ ERUM
MEÐ ÞÉR
TIL ÖRYGGIS

ÖRYGGIS
MIÐSTÖÐIN



Við erum snjallari með þér **til öryggis**

Snjallhnappurinn er ný og snjallari kynslóð öryggishnappsins

Snjallhnappur er ný kynslóð öryggishnappa fyrir eldri borgara og þá sem þurfa heilsu sinnar vegna að geta kallað eftir tafarlausri aðstoð. Auk hefðbundins öryggishnapps sem hægt er að ýta á í neyð býður kerfið upp á snjallar nýjungar sem stuðla að velferð og tryggja öryggi notandans.

**Snjallhnappurinn gjörbyltir gæðum og skilvirkni
umönnunar við aldraðra og fatlaða.**

Hafðu samband í síma 570 2400 eða á snjallhnappur.is og fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum okkar í velferðartækni. Einnig er hægt að panta fjölskyldufund til að fara yfir aðstæður og mögulegar lausnir.